



Daniel Agustínsson



Ólafur Guðbrandsson



Jón Sveinsson

Framboðslisti Framsóknarflokksins á Akranesi

Framboðslisti Framsóknarflokksins við bæjarstjórnarkosningarnar á Akranesi er þannig skipaður:


1. Daniel Agustínsson, aðal-bókari
2. Ólafur Guðbrandsson, vél-virki
3. Jón Sveinsson, lögfræðingur
4. Bent Jónsson, skrifstofustjóri

5. Ingibjörg Pálmadóttir, hjúkr-unarfræðingur
6. Andrés Ólafsson, bankagjaldkeri
7. Stefán Lárus Pálsson, skipstjóri
8. Björn Gunnarsson, verzlunarstjóri
9. Jóhanna Karlsdóttir, kennari
10. Valgeir Guðmundsson, blikksmiður

11. Björgólfur Einarsson, verka-maður
12. Guðrún Jóhannsdóttir, húsmóðir
13. Hreggviður Karl Eliasson, verkamaður
14. Sigmar H. Jónsson, rafsuðumaður
15. Þóra Einarisdóttir, húsmóðir
16. Gústaf Kristinsson, stýrimaður
17. Jón Þorgrímsson, bifvélavirki
18. Ragnheiður Guðbjartsdóttir, húsmóðir

Hopp og hí í Verzló

JB— Þessar myndir tók Gunnar ljósmyndari Timans, er dimmittentar Verzlunarskóla Íslands fóru hamförum um miðbæ Reykjavíkur í gær. Í yfirreið sinni litu þeir við inni á Ferða skrifstofunni Sunnu og heilsuðu upp á Guðna Þórðarson, en þeir ku hafa í hyggju að fljúga suður til sólarlanda með Sunnu eftir að prófum lýkur í vor. Einnig átti forseti Íslands, dr. Kristján Eldjárn, leið um bæinn og fögnuðu Verzlunarskólanemendur honum með söng og húrrrópum.




Mótmælastaða herstöðvarandstæðinga í Straumsvík

Í tilefni af því að meðlimir Stjórnunarfélags Íslands fóru í kynnisferð í dótturfyrirtæki Alusuisse á Íslandi, ÍSAL, efndu Samtök herstöðvaandstæðinga til mótmælastöðu við aðalhlíð verk-smiðjunnar í gær. Markmið aðgerðanna var fyrst og fremst að undirstrika, að Nato og Alusuisse eru greinar á sama meidi heimsvaldastefnunnar, segir í fréttatilkynningu frá samtökunum.

Í hjálögðu bréfi frá miðnefnd SHA segir m.a.:

„Þótt aðstandendur NATO og fjölbjódlegra auðhringa veiti litlar sem engar upplýsingar um samspil þeirra hér, liggur í augum uppi, að með auknum fjárfestingum eykst einnig hættan á þjóðnýtingu, skemmdarverkum og öðrum aðgerðum, sem annaðhvort þjóðfrelsisöfl eða lýðræðisleg stjórnvöld kynnu að gripa til. Til að fyrirbyggja slíkar aðgerðir og vernda eignir og aðstöðu ALUSUISSE á Íslandi, er NATO-herstöðin hér þeim ómetanlegur bakbjarl.“

Kröfur herstöðvaandstæðinga eru því: GEGN HERVALDI — GEGN AUÐVALDI ÍSLAND ÚR NATO — HERINN BURT“



Vilhjálmur Bergsson við mynd sína, Samstirni. Vilhjálmur notar tækni gömlu meistaranna við gerð mynda sinna. Hann notar sérstakar olfur, sem hann blandar saman við litina til að mýkja þá. Tímamynd Gunnar.

Lífrænar viddir

GV—Vilhjálmur Bergsson listmálari mun opna einkasýningu á Kjarvalsstöðum í dag og verður sýningin opin til 23. apríl n.k. Sýningin er opin frá kl. 4-10 virka daga og frá 2-10 um helgar.

Myndirnar á sýningunni eru alls 75 talsins og flestar mál-

aðar á undanförunum sex árum. — Eg hef kallað þennan stíl „lífrænar viddir“ og ég byrjaði að mála í þessum dúr á árunum 1964-’66. Sumir segja að ég sé súrrealisti, eða abstraktmálari og aðrir segja að ég sé realisti, en ég segi, að ég sé þetta allt í senn, sagði

Vilhjálmur, þegar blaðamaður kom að máli við hann er hann vann að uppsetningu sýningarinnar.

Þetta er fimmta einkasýning Vilhjálms á Íslandi, en hann hefur tekið þátt í fjölda samsýninga bæði hérlendis og erlendis.

Henriks Ibsen minnzt

Aage Henriksen prófessor í norrænni bókmenntasögu við Hafnarháskóla heldur fyrirlestur í Norræna húsinu mánudaginn 17. apríl kl. 20:30 þar sem hann talar um kvenpersónurnar í verkum Ibsens og nýja bók um Ibsen eftir Jørgen Haugen.

Aage Henriksen er fæddur 1921 og varð prófessor við Hafnarháskóla 1961. Hann hefur einkum fengið við rannsóknir á Baggesen Kirkegaard og Karen Blixen og skrifað um þau mikil verk. Kenningar hans liggja til grundvallar 4-binda bókar Ideologshistorie og sjálfur á hann stærsta þáttinn að 1. bindi verksins „Organisatænkningen i dansk litteratur 1770-1870“.

Um þessar mundir er 150 ára afmælis Henriks Ibsens minnzt víða um heim einkum þó í heimalandi skáldsins, Noregi. Að því tilefni hefur verið sett upp ljósmyndasýning í anddyri Norræna hússins er lýsir ævi og starfi Henriks Ibsens. Það er utaríkisráðuneyti Noregs sem hefur látið gera og dreifa sýningunni.

Aage Henriksen flytur enn fremur erindi í Háskóla Íslands á þriðjudag kl. 17:00 sem hann nefnir „Hvor står humaniora i dag?“

Rödd innanstokks í Alþýðubandalaginu: „Vonum seinna að til tíðinda dragi... og ætti bardaginn að verða hinn vígalegasti“

Um flokksvandamál Alþýðubandalagsmanna ritar fréttastjóri Þjóðviljans í gær í ritstjórnardálki í blaði sínu: „Alþýðubandalagið hefur líka þá sérstöðu meðal stjórnmálaflokka að innan þess viðurkennir enginn að hann langi í framboð þó eigi viðkomandi lifandi að drepa. Þar heitir það að menn séu pindir í framboð og því er vandlega leynt ef þingmaður er í maganum. Hvernig á

svo sem að vera hægt að skrifa um framboðsmál í svona bæ?“ Einari Karli Haraldssyni er sem sé fyllilega ljóst að það er ekki hógværdin eða hikið sem veldur vanda í flokknum um að velja á milli þeirra Svavars Gestssonar ritstjóra, Ólafs Ragnars Grímssonar prófessors, Asmundar Stefánssonar hagfræðings og Sigurðar Magnússonar rafverktaka í framboð fyrir Alþýðubanda-

lagið í Reykjavík. Fréttastjórinn lætur í grein sinni í ljós mikla ónægju yfir því að forráðamenn Þjóðviljans skuli hafa lokað blaðinu fyrir fregnum af átökunum innan flokksins í Reykjavík. Og honum þykir að þetta sé allt hálfhlálegt:

„Gott er til þess að vita að ekki skuli vera algert koppalogn kringum framboðsmál flokksins fyrir þessar kosningar og vonum seinna að til tíðinda dragi. Kapparnir eru báðir skeggjaðir vel og ætti bardaginn að verða hinn vígalegasti.“

En þrátt fyrir þessa skemmtan þykir fréttastjóra Þjóðviljans óþarflega mikið þukur í Alþýðubandalaginu. Hann segir:

„Samt vilja menn einatt vera að þukrast og komast upp með það ef kastljós fjölmíðlanna er ekki stöðugt á þeim og samvirk-an lætur þá í friði.“

Nú er eftir að vita hvern skilning þeir Svavar, Ólafur, Ragnar, Asmundur og Sigurður leggja í þessi tímabæru orð fréttastjórans. Og þess er einnig að vænta að uppstillingarnefnd flokksins grannskoði samvizku

sina fyrst svo er komið sem komið er.

Og Einar Karl Haraldsson fréttastjóri Þjóðviljans gefur Alþýðubandalagsmönnum heilræði, sem duga mun að líkindum til að halda leyndarmálum flokksins frá almannavit-orði. Einar segir:

„Eins og títt er felst þetta ráð í gömlu máltæki sem hljóðar svo: Þrjú geta þagað ef tveir þeirra eru dauðir.“

Skyldi það vera að hreinsanir séu á næstu grösum í flokknum að gömlum síð? Eða er þetta framtíðarsýn fyrir hönd Alþýðubandalagsins?